

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 37/1901.

Réttvísinn

gegn

Guðjóni Jens Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 3. júlí þ. á. var hinn ákærði, húsmaður Guðjón Jens Jónsson, dæmdur fyrir brot gegn 102. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns hans í héraði, Skúla sýslumanns Thoroddsens, en dómi þessum er að beiðni hins ákærða og fyrir hönd réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Hinum ákærða er gefið að sök, að hann ritaði og sendi bæjarfógetanum á Ísafirði bréf 29. desbr. f. á., að afloknum bæjarstjórnarfundum þann sama dag, þar sem næturvarðarstarfið í kaupstaðnum, sem ákærði hafði sótt um, hafði verið veitt öðrum manni, og segir ákærði í bréfinu, að »bæjarfógeti ásamt bæjarstjórninni« hafi neitað sér ástæðulaust um næturvarðarstarfið, með því að hann hafi átt langhelzt skilið að fá það »og fyrir áeggjan yðar (o: bæjarfógeta) sótti eg um það, sem aldeilis var óþarfi, þar eg vissi, hverjir voru í bæjarstjórninni

og hvaða bölvadir grautardallar þeir voru sumir af þeim«. Með því að meiðyrðin í bréfi þessu, »bölvadir grautardallar« eiga auðsjáanlega aðeins við bæjarfulltrúana (bæjarstjórnina, ekki bæjarfógetann, sem er nefndur fyrir sig), en bréfið er stílað til bæjarfógeta eins, er hér eigi um brot að ræða, sem hið opinbera eigi sókn á samkvæmt 102. gr. hegningarlaganna, og það breytir eigi innihaldi bréfsins í þessu tilliti, þótt ákærði hafi við prófun málsins sagst hafa meint orðin bæði til bæjarfógeta og tveggja bæjarfulltrúanna. Það verður því að sýkna ákærða af þessu kæruatriði.

Í öðru lagi er það sannað upp á ákærða og hann sakadur fyrir það, að hafa í réttarhaldi 30. desbr. f. á. í lögreglurétti vaðið upp á bæjarfógetann á Ísafirði, sem var að yfirheyra hann útaf fyrgreindu bréfi og öðru máli, er hann var kærður fyrir, og kallað bæjarfógetann »helvítis týranna« og haft um hann ýms önnur smánar- og skamm-aryrði, sem þó ekki er upplýst nánara um, hver voru. Með þessari árás sinni á dómarrann hefir ákærði orðið brotlegur gegn 102. gr. alm. hegningarlaga, en með því að hann eftir vitnisburði dómarrans og vitna þeirra, er leidd hafa verið, var mjög drukkinn í þetta skifti, þykir mega ákveða refsingu hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið refsað fyrir neitt lagabrot, með tilliti til 40. gr. hegningarlaganna 10 kr. sekt til landssjóðs, en í stað sektarinnar komi 3 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Ákærða ber og að greiða all-

an af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði, 5 kr., og málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Viðvíkjandi rekstri málsins og meðferð skal það tekið fram, að hinn setti dómari, sem fór með málið og dæmdi það, kvað upp dóm í því í Reykjavík, þar sem hann setti og hélt í því skyni aukarétt Ísafjarðarkaupstaðar. Lagði hann og fram í því réttarhaldi aldursskirteini ákærða og hegningarvottorð honum viðvíkjandi, sem eigi höfðu áður komið fram í málinu, og var þó eigi ákærði tilkallaður eða neinn fyrir hans hönd. Þessi málsmeðferð er lögum gagnstæð, og hlýtur setudómariinn að sæta aðfinningu réttarins fyrir hana, en með því að hún hefir eigi getað haff áhrif á úrslit málsins, virðist þess eigi þörf að ómerkja dóminn fyrir þessa sök. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Jens Jónsson greiði 10 króna sekt í landssjóð, en sæti 3 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Svo greiði ákærði og allan af málinu í héraði og fyrir yfirdómi leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í héraði, 5 krónur, til fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsens og málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, fyrv. sýslumanns Franz Siemsens og

yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benedikts-  
sonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti  
að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 21/1901.

Guðmundur Jónsson  
gegn  
Einari Vigfússyni.

### D ó m u r:

Héraðsdómurinn í máli þessu var kveðinn upp  
2. októberm. f. á. og birtur áfrýjandanum 6. s. m.,  
en áfrýjunarstefnan var eigi gefin út fyrir en 16.  
aprílm. þ. á. Þar sem áfrýjunarfresturinn var  
þannig liðinn, er stefnan var gefin út, og leyfi til  
uppreisnar hefir eigi verið fengið, ber að frávísa  
máli þessu frá yfirdóminum, eins og krafist hefir  
verið af stefnda hálfu, og dæma áfrýjandann til  
að greiða stefnda, samkvæmt kröfu hans, í kost og  
tæringu 10 krónur.

### Þvi dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn,  
Guðmundur kaupmaður Jónsson á Búðum í  
Fáskrúðsfirði, greiði stefnda, Einari bakara  
Vigfússyni samastaðar, 10 krónur í kost og  
tæring, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting  
dóms þessa að viðlagðri lagaadför.